










Hættumerkin (hazard pictograms)

Hættumerkin eru níu talsins og hafa að miklu leyti sömu tákni og nógildandi varnaðarmerki nema GHS07 og GHS08 sem koma í stað krossins sem gefur til kynna að efni séu hættuleg heilsu eða ertandi. Enginn texti fylgir sjálfkrafa hættutáknunum eins og var með varnaðarmerkin nema að nú fylgir viðvörunarorð sem er annað hvort „hætta“ eða „varúð“.

GHS hættumerkin er einnig hægt að nálgast [hér](#).

	GHS01 (12,8 KB). Sprengifim efni eru flokkuð á fleiri vegu en fyrr og er það til samræmis við reglur um flutningsumbúðir. Hættuflokkar: 2.1, 2.8, 2.15.
	GHS02 (10,1 KB). Eldfim efni eru flokkuð niður í marga hættuflokka til samræmis við reglur um flutningsumbúðir. Fleiri eldfim efni verða flokkuð með þessu tákni en þau sem flokkuð voru sem mjög/afar eldfim. Hættuflokkar: 2.2, 2.3, 2.6, 2.7, 2.8, 2.9, 2.10, 2.11, 2.12, 2.15.
	GHS03 (10,5 KB). Eldnærandi efni verða flokkuð svipað og verið hefur. Hættuflokkar: 2.4, 2.13, 2.14.
	GHS04 (6,0 KB). Nýtt tákni sem tákna á m.a. loft undir þrýstingi. Hættuflokkur: 2.5.
	GHS05 (10,5 KB). Ætandi efni verða flokkuð svipað og verið hefur. Flokkunin verður tvískipt eftir áhrifum á málma og áhrifum á fólk. Hættuflokkar: 2.16, 3.2, 3.3.
	GHS06 (12,7 KB). Hauskúputáknið verður áfram notað við flokkun efna en verður ekki eins algengt og nú. Táknið mun eingöngu eiga við um efni sem valda bráðum eitrunum. Hættuflokkur: 3.1.
	GHS07 (7,2 KB). Táknið er notað yfir heilsuskaða og er vægara en (GHS08). Merkið kemur að nokkru leyti í stað flokkunarinnar „ertandi“ og að litlu leyti í stað „hættulegt heilsu“. Hættuflokkar: 3.1, 3.2, 3.3, 3.4, 3.8.
	GHS08 (11,7 KB). Táknið er notað yfir alvarlegan heilsuskaða og gefur til kynna annars konar hættu en hauskúpumerkið (GHS06). Merkið kemur að nokkru leyti í stað flokkunarinnar „hættulegt heilsu“ með krossmerkinu en einnig fyrir svokölluð CMR efni og efni sem valda skaða við endurtekna notkun og voru hauskúpumerkt (eitur og sterkt eitur). Hættuflokkar: 3.4, 3.5, 3.6, 3.7, 3.8, 3.9, 3.10.
	GHS09 (10,3 KB). Samsvarandi tákni og fyrr er notað yfir efni sem skaðleg eru umhverfinu. Forsendur fyrir notkun tákns breytast lítið. Hættuflokkur: 4.1.